

# Gangnaseðill 2019



Fjallskiladeild Grímstungu- og  
Haukagilsheiða

## ***Fjallskilanevnd Grímstungu- og Haukagilsheiðar gjörir kunnugt.***

Fjallskilum hefur verið jafnað niður á búfjáreigendur í fjallskiladeildinni fyrir árið 2019 og birtist niðurjöfnunin hér með.

### ***Fyrri skil.***

Laugardaginn 31. ágúst verða fyrstu Sauðadalsgöngur og verður lagt af stað frá Marðarnúpi klukkan 7:00 að morgni. Fjallskiladeildin leggur til 8 menn.

***Þessir menn séu frá:***

Bjarnastöðum	<b>4 menn</b>
Brekku	<b>1 maður</b>
Forsæludal	<b>1 maður</b>
Hvammi 2	<b>1 maður</b>
Syðri-Brekku	<b>1 maður</b>

***Einn gangnamanna frá Bjarnastöðum fari með dráttarvél og kerru fram Sauðadal til móts við aðra gangnamenn og fylgi þeim norður.***

***Í fyrirstöðu við Hjálpargil fari einn maður frá: Bjarnastöðum.***

***Gangnaforingi á Sauðadal verður frá Fjallskiladeild Auðkúluheiðar.***

Sunnudaginn 1. september verður fyrsta Beinakeldurétt, klukkan 9:00. Þar hirði þrír menn fé úr fjallskiladeildinni og komi því fyrir í Beinakeldurétt. Fjáreigendur skuli sjálfir koma sínu fé heim.

***Þessir menn séu frá:***

Gilá	<b>2 menn</b>
Hjallalandi	<b>1 maður</b>

Mánudaginn 2. september verði mættir 8 menn að Haukagili klukkan 7:00 á hjólum til smölunar í Fljótsdrögum. Þeir keyri fram í Fljótsdrög og smala þau til norðurs og safna saman fénu í hólfið við Grettishæð. Farið verður aftur til baka og gist. Drögin leituð upp á þriðjudegi og reksturinn rekinn norður að Stubb. Hjólamenn keyra í Fljótsdrög og gista aftur þar. Á miðvikudeginum koma hjólmenn að sunnan og leita norður Sand þar til þeir mæta Sandmönnum við Grettishæð.

***Þessir menn séu frá:***

Ási	<b>1 maður</b>
Bjarnastöðum	<b>1 maður</b>
Hofi	<b>1 maður</b>
Kornsá	<b>1 maður</b>
Norðurhaga	<b>1 maður</b>
Steinnesi	<b>1 maður</b>
Sveinsstöðum	<b>1 maður</b>
Uppsölum	<b>1 maður</b>

***Foringi þessara manna verður Birgir Ingbórsson, Uppsölum***

Einnig fer maður með bíl til aðstoðar bílstjóra og fleira. Þessi maður er frá Uppsölum.

Miðvikudaginn 4. september, fara eftirfarandi gangnamenn út Haukagilsheiði.

***Þessir menn séu frá:***

Ási	<b>1 maður</b>
Hofi	<b>1 maður</b>
Kornsá	<b>1 maður</b>
Steinnesi	<b>1 maður</b>

Miðvikudaginn 4. september fara eftirfarandi gangnamenn út Grímstunguheiði.

***Þessir menn séu frá:***

Bjarnastöðum	<b>1 maður</b>
Norðurhaga	<b>1 maður</b>
Sveinsstöðum	<b>1 maður</b>
Uppsölum	<b>1 maður</b>

Þriðjudaginn 3. september klukkan 9:00 skulu mættir 4 menn að Forsæludal til smölunar á Bót.

***Þessir menn séu frá:***

Bjarnastöðum	<b>1 maður</b>
Hjallalandi	<b>1 maður</b>
Norðurhaga	<b>1 maður</b>
Sunnuhlíð	<b>1 maður</b>

***Foringi verður Pétur Sæmundsson.***

Þriðjudaginn 3. september skulu hestar Sandgangnamanna komnir að Grímstungu, eigi síðar en klukkan 12:00 og rekstrarmenn fari af stað klukkan 13:00.

***Þessir menn séu frá:***

Forsæludal	<b>1 maður</b>
Helgavatni	<b>1 maður</b>
Leysingjastöðum	<b>1 maður</b>
Miðhúsum (Magnús)	<b>1 maður</b>

***Valur Magnússon verður foringi rekstrarmanna, og einnig verður Valur foringi Sandgangnamanna úr Öldumóðuskála fram á Stórasand miðvikudaginn 4. september.***

Þriðjudaginn 3. september fari 24 menn til fjárleita og mæti undanreiðarmönnum við Grettishæð miðvikudaginn 4. september.

Sandgangnamenn sem ekki reka hesta eða kjósa að ríða með rekstri verða fluttir á bíl í Öldumóðuskála og brottför er áætluð klukkan 18:00 við Ólafslund. Sandgangnamenn borði kvöldmat í Öldumóðuskála og hafi fyrsta náttstað þar.

**Á Grímstunguheiði fari menn frá:**

Bjarnastöðum	1 maður
Brekku	1 maður
Forsæludal	1 maður
Haukagili	1 maður
Helgavatni	1 maður
Hjallalandi	4 menn
Hnausum II	1 maður
Miðhús (Eiður)	1 maður
Miðhúsum (Magnús)	2 menn
Sunnuhlíð	3 menn
Syðri-Brekka	1 maður

Fimmtudaginn, 5. september fara 2 menn (mótmenn) í smölun við afleggjara (gatnamót) fyrir Öldumóðuskála.

***Þessir menn séu frá:***

Hjallalandi	1 maður
Leysingjastöðum	1 maður

**Grímstunguheiðarsafn verður rekið af stað klukkan 8:00 á föstudagsmorgni 6. september, og réttað í Undirfellsrétt. Réttarstörf hefjast um klukkan 13:00.**

*Foringi Grímstunguheiðarmanna verður Árni Bragason, Sunnuhlíð.*

*Gæslumaður á safni Grímstunguheiðar verður frá Forsæludal*

**Á Haukagilsheiði séu menn frá:**

Ási	1 maður
Haukagili	1 maður
Helgavatni	1 maður
Hofi	1 maður
Kornsá	1 maður
Leysingjastöðum	2 menn
Litlu-Giljá	1 maður
Steinnesi	1 maður
Sveinsstöðum	1 maður
Uppsölum	1 maður

*Foringi Haukagilsheiðarmanna verður Valur Magnússon, Helgavatni*

Föstudaginn 6. september eigi síðar en klukkan 7:30 skulu mættir við Hnjúkshlið til smölunar á Víðidalsfjalli, 10 menn, sem smala fram á mótí Haukagilsheiðarmönnum, sem fara af stað frá Haukagili klukkan 7:00 og reka safnið niður til Undirfellsréttar.

***Gangnamenn í Víðidalsfjalli séu frá:***

Helgavatni	1 maður
Hnjúki	2 menn
Miðhúsum (Magnús)	1 maður
Norðurhaga	1 maður
Steinnesi	1 maður
Uppsölum	4 menn

***Foringi þessara manna verður Birgir Inghórsson, Uppsölum***

Gæslumaður á safni Haukagilsheiðar við Undirfellsrétt að kvöldi 6. september verður frá Forsæludal

**1 maður**

***Réttarstörf í Undirfellsrétt hefjast klukkan 13:00 föstudaginn 6. september og verður framhaldið, laugardaginn 7. september klukkan 9:00.***

***Réttarstjórar og ómerkingaverðir verða föstudaginn 6. september, Egill Herbertsson, Haukagili og laugardaginn 7. september, Valur Magnússon, Helgavatni.***

Réttarstjórar kallar menn til töfludráttar.

**Útréttir:**

Til að hirða fé í **Valdarásrétt, klukkan 9:00**, föstudaginn 6. september, fari 5 menn.

***Þessir menn séu frá:***

Gilá	2 menn
Guðrúnarstöðum	1 maður
Kárdalstungu	1 maður
Steinnesi	1 maður

***Foringi verður Magnús Jósefsson, Steinnesi.***

Til að hirða fé í **Víðidalstungurétt, klukkan 10:00**, laugardaginn 7. september, fari 8 menn.

***Þessir menn séu frá:***

Forsæludal	2 menn
Kárdalstungu	1 maður
Miðhúsum (Magnús)	1 maður
Steinnesi	2 menn
Sveinsstöðum	1 maður
Öxl 2	1 maður

***Foringi verður Þóra Lúthersdóttir, Forsæludal.***

Til að hirða fé í **Auðkúlurétt, klukkan 8:00**, laugardaginn, 7. september fari 2 menn.

***Þessir menn séu frá:***

Norðurhaga                      **2 menn**

**Sundurdráttur útréttarfrjár í Sveinsstaðarétt hefst kl. 10.00 sunnudaginn 8. september.**

## ***Seinni skil.***

Föstudaginn 13. september verði 5 menn mættir við Grímstungu klukkan 7:00. Hestar og menn verða fluttir með bíl fram að fremsta hólfi. Þeir munu leita Kvíslar og norður um skála.

***Þessir menn séu frá:***

Ási                                      **1 maður**  
Haukagili                              **1 maður**  
Hjallalandi                              **1 maður**  
Hofi                                      **1 maður**  
Sveinsstöðum                              **1 maður**

Auk þeirra fari þennan sama dag 2 hjólamenn.

***Þessir menn séu frá:***

Norðurhaga                              **1 maður**  
Uppsölum.                              **1 maður**

***Birgir Inghórsson, Uppsölum, er fyrirliði allra þessara manna.***

Laugardaginn 14. september verði 7 menn mættir á Haukagili klukkan 7:00 sem fara ríðandi í eins dags seinni leit á heiðarnar. Menn og hestar verða fluttir á bílum fram að fremsta hólfi.

***Þessir menn séu frá:***

Bjarnastöðum                              **1 maður**  
Brekku                                      **1 maður**  
Kornsá                                      **1 maður**  
Leysingastöðum                              **1 maður**  
Miðhúsum (Magnús)                              **1 maður**  
Steinnesi                                      **1 maður**  
Syðri-Brekku                              **1 maður**

***Gangnastjóri fyrir þessa menn verður Birgir Inghórsson, Uppsölum***

Föstudaginn 20. september verða aðrar göngur í Víðidalsfjall og verður smalað bæði fé og hrossum. Til smölunar í framhluta Víðidalsfjalls fari 7 menn klukkan 8:00 frá Haukagili. Hross og fé verða rekin niður hjá Undirfelli.

***Þessir menn séu frá:***

Forsæludal	<b>1 maður</b>
Hvammi 2	<b>2 menn</b>
Kornsá	<b>1 maður</b>
Miðhúsum (Eiður)	<b>1 maður</b>
Sunnuhlíð	<b>2 menn</b>

***Foringi þessa hóps verður Haukur Garðarsson Hvammi 2..***

Í norðurhluta Víðdalsfjalls verði 7 menn við Hnjúkshlíð klukkan 8:00

***Þessir menn verði frá :***

Helgavatni	<b>1 maður</b>
Leysingjastöðum	<b>2 menn</b>
Miðhús (Magnús)	<b>1 maður</b>
Norðurhaga	<b>1 maður</b>
Steinnesi	<b>1 maður</b>
Sveinsstöðum	<b>1 maður</b>

***Foringi þessa hóps verður Jón Árni Magnússon, Steinnesi.***

**Hrossarétt verður laugardaginn 21. september í Undirfellsrétt og hefjast réttarstörf klukkan 9:00.**

***Réttarstjóri verður Árni Bragason, Sunnhlíð.***

Sunnudaginn 22. september í seinni göngur á Sauðadal, fari 7 menn frá fjallskiladeildinni. Farið verður frá Marðarnúpi klukkan 7:00.

***Þessir menn séu frá:***

Bjarnastöðum	<b>3 menn</b>
Hjallalandi	<b>2 menn</b>
Helgavatni	<b>1 maður</b>
Hofi	<b>1 maður</b>

***Foringi verður Valur Njáll Magnússon***

Til fyrirstöðu við Hjálpargil fari 1 maður.

***Þessi maður sé frá:***

Brekku	<b>1 maður</b>
--------	----------------

### *Útréttir við seinni skil.*

Til að hirða fé í seinni Víðidalstungurétt, klukkan 10:00, sunnudaginn 22. september fari 3 menn.

#### *Þessir menn séu frá:*

Forsæludal	<b>1 maður</b>
Uppsölum	<b>2 menn</b>

*Foringi verður Birgir Ingbórsson, Uppsölum.*

**Mánudaginn 23. september verður óskilafé úr heimalöndum dregið í sundur í Sveinsstaðarétt og hefst sundurdráttur klukkan 9:00.**

**Í Undirfellsrétt hefjast réttarstörf klukkan 11:00 sama dag og hirði hver sitt fé**

### *Þriðju skil.*

Í eftirleit á Sauðadal sem fram fer mánudaginn 7. október fari 3 menn úr fjallskiladeildinni og séu þeir frá:

Bjarnastöðum	2 menn
Hjallalandi	1 maður

*Fyrirliði verður frá Bjarnastöðum.*

*Tveir menn mæta frá Fjallskiladeild Auðkúluheiðar.*

Föstudaginn 11. október verða þriðju göngur í Víðidalsfjall og smölun Gilhaga. 2 menn munu sjá um smölun Gilhaga og koma því fé til réttar, 3 menn fari til smölunar í framhluta Víðidalsfjalls. Farið verður klukkan 8:00 frá Haukagili

Til smölunar á Gilhaga fari 2 menn.

#### *Þessir menn séu frá:*

Hofi	<b>1 maður</b>
Kornsá	<b>1 maður</b>

Til smölunar í framhluta Víðidalsfjalls fari 3 menn.

#### *Þessir menn séu frá:*

Leysingjastöðum	<b>1 maður</b>
Steinnesi	<b>1 maður</b>
Sveinsstöðum	<b>1 maður</b>

*Foringi í framhluta fjallsins verður Jón Árni Magnússon, Steinnesi.*

Í norðurhluta Víðidalsfjalls verði 4 menn við Hnjúkshlið klukkan 9:00.

#### *Þessir menn séu frá:*

Uppsölum	<b>4 menn</b>
----------	---------------

*Foringi norðanmanna verður Hilmar Smári Birgisson, Uppsölum*



- Fjárskil verða þriðjudaginn 15. október, í Undirfellsrétt klukkan 9:00 og í Sveinsstaðarétt kl. 11:00.
- Til að hirða fé í Undirfellsrétt, fyrir fjáreigendur í fyrrum Sveinsstaðahreppi, sé frá Hjallalandi **1 maður.**
- Til að hirða fé í Sveinsstaðarétt, fyrir fjáreigendur í fyrrum Áshreppi, sé frá Forsæludal **1 maður**
- Til að hirða fé í Víðidalstungurétt, sé frá Uppsölum. **1 maður**

**Fjárskil í Víðidal verða sunnudaginn 13. október. klukkan 10:00**

## ***Til athugunar:***

1. Unglingar innan 14 ára verða ekki teknir sem fullgildir gangnamenn.
- 2. Neysla áfengis við smölun er bönnuð.**
3. Nauðsynlegt er að unnið sé saman af heilindum og samvinna höfð að leiðarljósi, það skilar bestum árangri.
4. Þeir sem hirða fénað í Auðkúlurétt hirði einnig fénað úr Víðidal.
5. Þeir sem hirða fénað í Valdarás- og Víðdalstungurétt hirði einnig fyrir fjallskiladeild Auðkúluheiðar.
6. Búfjáreigendur sjá sjálfir um að sækja sitt fé, sem kemur fram eftir hreppaskil.
7. Það fé sem hirt er í útréttum verður keyrt í Undirfellsrétt til sundurdráttar, nema þeir sem óska eftir því að sækja fé sitt sjálfir í viðkomandi útrétt og greiði kostnað við flutning.
8. Ekki er heimilt að fé sé sett í náttuga og safnhólf fyrir en 2 dögum fyrir aðalrétt.
- 9. Nauðsynlegt er að smala heimalönd fyrir önnur og þriðju lögskil á sauðfé.**
10. *Enginn má taka ómerkinga nema með leyfi ómerkingavarðar.*
11. *Brýnt skal fyrir öllum er gangna- og réttarskil inna af hendi að gera það sem best og gæta góðrar meðferðar á fénaði.*
12. *Bætt skal fyrir ófullkomin og eða vanrækt skil.*
13. Hrossasmölun á að fara fram eftirtalda daga: fyrsta sunnudag í vetri, fyrsta þriðjudag í desember og fyrsta þriðjudag í febrúar.
- 14. Gangnamenn sem fara í Víðidalsfjall 6. september verða að sjá sjálfir um nesti.**
15. Fjallskilakostnaður á einingu er kr.530/-. Fjallskilaskyldur búfénaður er 13.555 einingar.

Með fyrirvara um prentvillur

Húnavöllum 15. ágúst 2019.

Fyrir hönd stjórnar Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiða



Egill Herbertsson, Haukagili

Fjallskilastjórn vill minna gangnamenn á að taka með sér „**gulu vestin**“ eða nota annan áberandi klæðnað meðan verið er á göngum.

Gangnamenn eru hvattir til að hafa í huga að þeir eru að fara um ósnortna náttúru og eru beðnir að virða hana í kvívetna.

Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiðar						2019	
Gangnastjórn og útréttir						4.500	14.500
Dagsverk fyrri göngum							22.000
Dagsverk seinni göngum og þriðju skil							27.000
						<b>2019</b>	
Fyrstu skil:		Gangnam.	Dagafj.	Gjald pr. dag	Kr.pr.mann	Samtals kr.	
1.	Undanreiðarm. á hjólum Grímsth. 4,5 daga	4	4,5	22.000	<b>99.000</b>	396.000	
3.	Undanreiðarm. á hjólum Haukagilsh. 5 daga	4	5	22.000	<b>110.000</b>	440.000	
5.	Maður með bíl og mat 4 dagar	1	4	22.000	<b>88.000</b>	88.000	
6.	Rekstrarmenn Sandgöngur	4	0,5	22.000	<b>11.000</b>	44.000	
7.	Sandgöngur á Grímstunguheiði. 2,5 daga	17	2,5	22.000	<b>55.000</b>	935.000	
8.	Bót	4	1	22.000	<b>22.000</b>	88.000	
9.	Fyrirstaða og smölun við Einvígishvamm 1 dag	2	1	22.000	<b>22.000</b>	44.000	
10.	Sandgöngur á Haukagilsheiði 3 daga	11	3	22.000	<b>66.000</b>	726.000	
12.	Víðidalsfjall	10	1	22.000	<b>22.000</b>	220.000	
13.	Sauðadalur	8	1	22.000	<b>22.000</b>	176.000	
15.	Fyrirstaða í Hjálpargili	1	1	22.000	<b>22.000</b>	22.000	
16.	Safngæsla að nóttu	2	1	22.000	<b>22.000</b>	44.000	
<b>Samtals:</b>							<b>3.223.000</b>
Útréttir							
1.	Valdarásrétt	5			14.500	72.500	
2.	Víðidalstungurétt	8			14.500	116.000	
3.	Auðkúlurétt	2			14.500	29.000	
4.	Beinakeldurétt	3			14.500	43.500	
<b>Samtals:</b>							<b>261.000</b>
Önnur skil:							
1.	Kvíslar, Bót og heiðarnar 5 menn	5	2	27.000	54.000	270.000	
2.	Hjól 2 menn	2	2	27.000	54.000	108.000	
3.	Heiðarnar 7 menn	7	1	27.000	27.000	189.000	
5.	Víðdalsfjall 14 menn	14	1	27.000	27.000	378.000	
7.	Sauðadalur 7 menn	7	1	27.000	27.000	189.000	
8.	Fyrirstaða við Hjálpargil 1 maður	1	1	27.000	27.000	27.000	
<b>Samtals:</b>							<b>1.161.000</b>
Útréttir og fleira:							
1.	Víðdalstungurétt	3			14.500	43.500	
2.	Gangnastjórn	17			4.500	76.500	
3.	Réttarstjórn	3			14.500	43.500	
<b>Samtals:</b>							<b>163.500</b>
Þriðju skil:							
1.	Víðidalsfjall	7			27.000	189.000	
2.	Eftirleit á Sauðadal	3			27.000	81.000	
	Smölum á Gilhaga	2			13.500	27.000	
<b>Samtals:</b>							<b>297.000</b>
Fjárskil:							
1.	Undirfellsrétt	1			7.250	7.250	
2.	Sveinsstaðarétt	1			7.250	7.250	
3.	Víðidalstungurétt	1			14.500	14.500	
<b>Samtals:</b>							<b>29.000</b>
<b>Alls krónur:</b>							<b>5.134.500</b>



